

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

LOCTITE

Samkvæmt reglum Vinnueftirlits ríkisins nr. 602/1999

5399**Innihald:**

1. Söluheiti
2. Samsetning
3. Aðvörðun
4. Skyndihjálp
5. Eldsvoði
6. Efnaleki
7. Meðhöndlun
8. Hlíðarbúnaður
9. Efnæiginleikar
10. Áhrifavaldar
11. Eiturfræði
12. Umhverfismál
13. Förgun
14. Flutningur
15. Lög og reglur
16. Annað

1. Söluheiti efnis. Nafn, heimilisfang og sími innflytjanda og/seljanda.

Söluheiti: **5399 lím/péttiefni**
Vörunúmer: **0209018**
Notkun: **Háhitapolið lím/péttiefni**
Dreifing: **Bílaust hf. Reykjavík**
Framleiðandi: **Loctite Sweden AB. Gautab. Svíþjóð.**
Neyðarsími framleiðanda:
00 353 1 4599301/ 00 353 87 2629625/ 00 353 1 4046444
Sími Neyðarlínu, Lögreglu, Sjúkraliðs, Slökkviliðs: 112
Upplýsingamiðstöð v/eitrunar, Landsspítala í Fossvogi,
Rvk. Sími **543 2222**

2. Samsetning efnis - upplýsingar um hættulegt innihald. (samkv. 67/548/EEC)

CAS-nr.	EB-nr.	Efnahæiti.	Styrkur.	Hættufl.	Hættusetningar
		Metýltríasetoxísílan	1,00-5,00	C	14-34

3. Varúðarupplýsingar.

Efnið flokkast ekki sem heilsuskaðlegt.
Þegar sílikon herðast með asetoxi gefa þau frá sér ediksýru sé raki fyrir hendi.
Ediksýra tærir auk þess sem hún ertir augu og öndunarfæri.

4. Skyndihjálp.

Við innöndun: Flytjið viðkomandi þangað sem er ferst loft.
Aukaefni sem myndast við fjölliðun geta ert öndunarfæri.
Snerting við húð: Þvoið strax með sápuvatni.
Snerting við augu: Skolið strax með miklu vatni í minnst 15 mín. Hverfi óþægindi ekki skal leita læknis. Roggjörn aukaefni sem myndast við fjölliðun geta ert augu.
Við inntöku: Skolið munnholið með vatni. Drekkið mikið vatn. Sé um alvarlegra tilvik að ræða skal leita til sjúkrahúss/læknis.

5. Eldsvoði: Ekki eldfimt efni. Blossamark >100°C.

Slökkviefni: Notið duft, froðu eða kolsýru til að slökkva eld.

6. Efnaleki.

Loftræstið rýmið. Hellist mikið af efninu niður skal binda það með sandi, mold eða öðru slíku bindiefni og setja í ílát til frekari förgunar. Minna magn skal þrifa upp með pappírspurrku og fjarlægja með öðrum úrgangi.
Komist raki að efninu gefur það frá sér aukaefni sem ertir augu og öndunarfæri.

7.	<p>Meðhöndlun og geymsla.</p> <p>Meðhöndlun: Engar sérstakar reglur gilda um meðhöndlun þessa efnis. Forðist snertingu við hörund og augu. Tryggið að loftræsting fjarlægi lykt.</p> <p>Geymsla: Engar sérstakar reglur. Geymist við 1-25°C.</p>
8.	<p>Persónuhlífar - forvarnir.</p> <p>Tryggið eðlilegan þrifnað við notkun og meðhöndlun efnisins. Við ítrekaða eða langvarandi notkun skal forðast snertingu við hörund með því að nota hlífðarhanska úr poyeten, náttúrulegu gúmi eða öðru ester-þolnu efni.</p>
9.	<p>Eðlis- og efnaeiginleikar.</p> <p>Form/útlit/lykt: Rautt krem , dauf súr lykt.</p> <p>Sýrustig: Á ekki við.</p> <p>Suðumörk:</p> <p>Blossamark: >150°C</p> <p>Rúmpyngd: 1,04 kg/m³ við 20°C.</p> <p>Uppleysanleiki í vatni: Uppleysanlegt að hluta til.</p> <p>Uppleysanleiki í acetón: Ekki uppleysanlegt</p> <p>Gufuþrýstingur: < 0,1 mmHg við 20°C.</p> <p>Sprengimörk:</p>
10.	<p>Áhrifavaldar (stöðugleiki).</p> <p>Stöðugleiki: Fremur stöðugt sé farið eftir reglum um meðhöndlun og geymslu. Fjölliðast sé raki nærverandi.</p>
11.	<p>Eiturfræðileg atriði.</p> <p>Við innöndun: Við fjölliðun asetoxherðandi silikóns myndast ediksýra sem er skaðleg öndunarfærum.</p> <p>Snerting við húð: Telst lítt eitrað. Hörund dregur ekki auðveldlega í sig efnið. Við fjölliðun asetoxherðandi silikóns myndast ediksýra sem ertir hörund.</p> <p>Snerting við augu: Telst ekki erta augu. Við fjölliðun asetoxherðandi silikóns myndast ediksýra sem ertir augu.</p> <p>Við inntöku: Telst lítt eitrað. Bráðamörk inntöku (rotta) >5000 mg/kg.</p>
12.	<p>Skaðsemi gagnvart umhverfi.</p> <p>Geymist fjarri vatns- og frárennsli. Inniheldur engin efni á „Montreol-listanum“. Hert Loctite-efni er dæmigerð fjölliða og því stafar engri mengunarhættu af því. Lífefnafræðileg og efnafræðileg sýrunotkun harðnaðs Loctite-efnis (BOD og COD) er óveruleg. Eftir hörðun eru mengandi áhrif efnisins í náttúrunni nánast engin í samanburði við áhrif þeirra hluta sem efnið er notað á. Varkárni skal sýna þannig að hlutir, sem efnið hefur verið notað á, mengi ekki umhverfi.</p>

13. Förgun. Fara skal með affall efnisins og tæmdar umbúðir í samræmi við gildandi lög um meðferð og förgun kemískra spilliefna. Mengandi áhrif affalls þessa efnis í náttúrunni er hverfandi í samanburði við áhrif þeirra hluta sem það hefur verið notað á.

15. Lög og reglugerðir sem varða viðkomandi efni.

Varnaðarmerking: Engin

Inniheldur: Engin hættuleg né skaðleg efni.

Hættusetningar: Engar

Varnaðarsetningar: Engar

Önnur atriði: Roggrjörn aukaefni myndast við fjölliðun. (Sjá nr. 11)

16. Aðrar upplýsingar.

Dags. 1. útgáfu (Varuinformationsblad) **2.11.1995**

Dags. endurskoðaðrar útgáfu **8.1.2002**

Áðurútfegin vörulýsing nr. 0209018 dags. 5/2/1999

Höfundur Öryggisleiðbeininga (MSDS):

Dr. Prabhu Kulkarni FICI, MIOSH

Senior Chemist

Health & Regulatory Affairs - Europe

Vörulýsingarformið er í samræmi við ES-leiðbeiningar 2001/59/EC og vörulýsingin gerð í samræmi við 28. ES-leiðbeiningar 67/548/EEC. Flokkun og merking er samkvæmt KIFS 1999:3 og Stjórnarnefndar-leiðbeiningum 1999/45/EC.

Frekari upplýsingar:

Loctite Corporation

International Health and Regulatory Affairs,

Tallaght Business Park,

Whitestown,

Dublin 24,

Ireland.

Sími: 00 353 1 4046444.

Fax: 00 353 1 4510806.

Upplýsingarnar sem fram koma í þessum Öryggisleiðbeiningum (MSDS) eru fengnar frá áreiðanlegum aðilum og eru, að svo miklu leyti sem við getum dæmt um, réttar á þeim tíma sem þeirra var aflað.

Hvorki Loctite né dótturfélög þess ábyrgjast þær upplýsingar sem fram koma í þessu skjali né ábyrgjast notkun, meðferð eða aðra beitingu þessa efnis sem hér er ræðir. Áður en efnið er notað skal notandi kynna sér mögulega hættu sem kann að stafa af rangri notkun þess.

Frumheimild: Loctite Varuinformationsblad 5399 020901

Þýðing úr sænsku og uppsetning: Leó M. Jónsson tæknifræðingur. 2. Útg. Júní 2003.